

- b) raða niður afnotum af húsinu. Forgangsrétt um afnot njóti skólar bæjarins almenna kennsludaga frá kl. 8.00—18.00, því næst viðurkennd íþróttafélög innan kaupstaðarins og þá aðrir aðilar. Þegar ganga skal frá niðurröðun á afnotum hússins í byrjun vetrar þá skulu skólastjórar skóla bæjarfélagsins og formaður Íþróttabandalags Akraness boðaðir á fund húsnefndar.
- c) gera tillögur til bæjarstjórnar um afnotagjöld.
- d) gera tillögur um ráðningar starfsfólks og setja því starfsreglur.
- e) gera tillögur um viðhald hússins, áhöld þess og öflun tækja.
- f) gera árlega fjárhagsáætlun um rekstur hússins og skila henni það snemma að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.

Húsnefndin og umsjónarmaður skulu gæta þess við skipulagningu afnota að nýting hússins verði sem best og samfelldust.

7. gr.

Greiðslur á kostnaði við rekstur hússins fari fram á skrifstofu bæjarsjóðs svo og bókhald. Umsjónarmaður hússins skal árita reikninga.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness, er sett samkv. 10. gr. íþróttalaga nr. 49 7. apríl 1956 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. júlí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

fyrir íþrótt- og félagsheimilið í Þorlákshöfn, Ölfushreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er: Íþrótt- og félagsheimilið í Þorlákshöfn, Ölfushreppi, Árnessýslu.

Lóðin er leigð af Ölfushreppi. Lóðarstærð verður ákveðin í samræmi við skipulagsupprátt Þorlákshafnar. Íþrótt- og félagsheimilið í Þorlákshöfn er að 41% íþróttahús en að 59% félagsheimili.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Ölfushreppur, Ungmennafélagið Þór Þorlákshöfn, Kvenfélag Þorlákshafnar, Söngfélag Þorlákshafnar, Leikfélag Þorlákshafnar, Kiwanisklúbburinn Ölver Þorlákshöfn.

2. gr.

Húsnefnd skipuð þremur mönnum og þrem til vara annast rekstur félagsheimilisins.

Húsnefnd skal þannig skipuð:

Hreppsnefnd kýs að afloknum sveitarstjórnarkosningum einn fulltrúa í húsnefnd til fjögurra ára.

Skólanefnd kýs einn mann á sama hátt. Félögin, sem um getur í 1. grein kjósa árlega sameiginlega einn fulltrúa í húsnefnd og skiptast þau á að kjósa hann sitt hvert árið. Þau félög er ekki kjósa fulltrúa skal það árið heimilt að eiga áheyrnar-

fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti á fundum húsnefndar. Kosningu þessa fulltrúa skal vera lokið fyrir 1. apríl ár hvert.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gjörðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands gjörðabækur þess til vörslu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður skal boða til fundar í húsnefnd. Skytt er formanni að kalla til fundar ef $\frac{1}{3}$ nefndarmanna æskir þess.

Á aðalfundi sameignarfélags íþrótt- og félagsheimilis Þorlákshafnar á húsnefnd sæti með rétt til málfrelsis og tillagna. Á fundinum skal formaður eða gjaldkeri húsnefndar leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagsheimilisins ásamt skrá um nýtingu eignarinnar á yfirstandandi eða síðastliðnu ári.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarstjórnarreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Þá skal nefndin einnig leggja fyrir aðalfundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið fyrir næsta starfsár eða yfirstandandi ár. Reikninga og nýtingaskrá (starfsskrá) skal formaður hafa lagt fram á fundi húsnefndar áður en hann leggur þá fyrir aðalfund. Á aðalfundi skal leggja reikninga fram til samþykktar. Afrit af ársreikningum svo og nýtingaskrá félagsheimilisins skal senda félagsheimilaskjóði.

Félagsheimilið skal starfrækja sem sjálfstæða stofnun með sérstöku reikningshaldi. Heimilt er að fela skrifstofu sveitarstjórnar reikningshaldið. Almanaksárið skal vera reikningsár húseignarinnar.

Á aðalfundi sameignarfélagsins skal húsnefndin leggja fram fjárhagsáætlun sem gerð skal vera svo nákvæm sem unnt er.

Eigi má húsnefnd efna til útgjalda sem varða stofnkostnað né mikilla útgjalda sem varða rekstur, nema samþykkt liggi fyrir um framkvæmdir þessar frá aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi.

Fjárhagsáætlunin skal varða almanaksár og skal bera hana undir atkvæði fundarmanna á aðalfundi.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsörð, setja honum starfsreglur (erindisbréf) og sjá um að þeim sé fylgt.
- b. ráða annað starfsfólk og leita í því sambandi umsagnar húsvarðar um ráðningu þess.
- c. að ráðstafa íþrótt- og félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja.
- f. að sjá um að viðhald og endurbætur húseignarinnar svo og húsbúnaðar og áhalda sé alltaf í góðu lagi.
- g. að sjá um að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis.
- h. að sjá um að húsið sé ávallt sem vistlegast, hæfilega hitað og lýst.
- i. að sjá um að löggæsla sé á samkomum, ef hennar er þörf.

5. gr.

Eigendur íþrótt- og félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot af húsinu.

Skytt er að heimila félögum, er greinir í 1. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili,

innan hreppsfélagsins (eða byggðarlagsins) afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra.

Verði ágreiningur um hvort slíkt félag eigi afnotarétt af húsinu sker menntamálaráðuneytið úr. Opinberir skólar í Þorlákshöfn skulu hafa forgangsrétt að notkun Íþrótt- og félagsheimilisins á eðlilegum starfstíma skóla.

6. gr.

Leiga fyrir afnot af Íþrótt- og félagsheimilinu skal ákveðin svo há, að nægjanlegt fé fái til að inna af höndum nauðsynleg rekstrargjöld, ef húsinu koma eigi aðrar tekjur.

Heimilt er í iðgjaldaskrá að gera mismun á leigugjöldum varðandi félög í byggðarlaginu sem ekki eru eigendafélög svo og félög einstaklinga sem eru utan byggðarlagsins en æskja afnota af húsinu.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignin, áhöld, húsbúnaður svo og séreignir félaga sem kunna að hafa fengið að geyma eignir sínar eða tæki í húsinu séu hæfilega váttryggðar.

8. gr.

Félag sem samkomu heldur í félagsheimilinu skal ávalt tilnefna fulltrúa af sinni hálfu sem húsvörður veit hver er og getur snúið sér sérstaklega til varðandi atriði samkomuhaldsins.

9. gr.

Húsnefnd skal sjá um að íþrótt- og félagsheimilið sé ávalt vel ræst. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Húsnefnd skal einnig skylt að sjá um að lóðin kring um félagsheimilið sé ávallt snyrtileg og vel við haldið.

Húsnefnd skal sjá um að bifreiðastæði við félagsheimilið, innan lóðar, séu vel skipulögð þannig að aðkeyrsla og frákeyrsla sé sem auðveldust og einnig að auðvelt sé að leggja þar bifreiðum.

11. gr.

Húsnefnd skal sjá um að húsið sé ávallt sem vistlegast og öruggast varðandi alla umgengni. Þá skal nefndin sjá um að notkun íslenska fánans við og innan hússins sé ávallt samkvæmt gildandi reglum um meðferð íslenska fánans.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina vandlega með viðgerð fyrir augum. Þessi athugun skal einnig varða öll öryggistæki svo sem til brunavarna.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta er spjöllum valda. Valdi samkomugestur óspektum, getur húsnefnd sett hann í samkomubann.

14. gr.

Um meðferð áfengis í félagsheimilinu skal fara samkvæmt lögreglusamþykkt Árnessýslu.

15. gr.

Reglur þessar sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. júlí 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar
Húsnæðismálastjórnar, með síðari breytingum.**

1. gr.

10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Eigi umsækjandi íbúð, þegar hann leggur inn umsókn um lán, skal hann leggja inn sölusamning eða afsal vegna hennar áður en síðasti hluti lánsins kemur til greiðslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 30 12. maí 1970, sbr. lög nr. 72/1972 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. júlí 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum
saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið**

1. júlí til 30. september 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð Fiskiðnarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. I	kr. 307.00
Millifiskur nr. I	— 294.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	— 248.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	— 220.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.